# ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ

Ár 2017, föstudaginn 8. desember var haldinn 273. fundur íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Höfðatorgi Arnarholti og hófst kl. 12.24. Mætt: Þórgnýr Thoroddsen formaður, Eva Einarsdóttir, Tomazs Chrapek, Hermann Valsson og Örn Þórðarson varamaður fyrir Mörtu Guðjónsdóttur. Jafnframt sátu fundinn: Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina, Steinþór Einarsson skrifstofustjóri, Andrés B. Andreasen fjármálastjóri ÍTR, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

1. Lagt fram 9 og 10 mánaðar uppgjör íþrótta- og tómstundasviðs.

2. Fram fer kynning á viðhalds- og framkvæmdahugmyndum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

   Þorkell Hreiðarsson frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12.30 taka Dóra Magnúsdóttir og Kjartan Magnússon sæti á fundinum.

3. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra, dags. 29. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn íþrótta- og tómstundaráðs um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.
   Vísað til sviðsstjóra.

4. Lögð fram tillaga um afgreiðslutímar sundstaða og Ylstrandar 2018.
   Samþykkt.

5. Lagt fram bréf sviðsstjóra íþrótta- og tómstundasviðs, dags. 4. des. 2017, með tillögum samstarfsnefndar íþrótta- og tómstundasviðs, íþróttabandalags Reykjavíkur og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar um styrki vegna viðhaldsverkefna hjá íþróttafélögum.
   Samþykkt samhljóða.

6. Lagt fram bréf sviðsstjóra íþrótta- og tómstundaráðs, dags. 5. des. 2017, vegna viðhalds skátaheimila.

7. Lagt fram bréf sviðsstjóra íþrótta- og tómstundasviðs, dags. 7. des. 2017, varðandi styrkúthlutanir ráðsins fyrir árið 2018 ásamt tillögu styrkjanefndar.
   Samþykkt.

   Þórgnýr Thoroddsen víkur af fundi undir þessum lið og Eva Einarsdóttir tekur við stjórn fundarins.

8. Íþrótta- og tómstundaráðsfulltrúi Samfylkingarninar Dóra Magnúsdóttir leggur fram svohljóðandi tillögu:

   > Fulltrúar meirihluta/íTR vísa því til forstöðumanns Sundhallarinnar að útfæra fleiri skipulagða opnunartíma á brettunum nú þegar útilaugin hefur opnað. Brettin eru lítið aðgengileg á virkum dögum, litla brettið eina klst á viku og stóra brettið aldrei fyrr en eftir kl. 20.30 sem er tími sem hentar ungum stökkvurum og hoppurum illa.

Í ljósi þess að brettin eru einu sinnar tegundar á landinu er mikilvægt að aðgengi þeirra sé mikið. Einnig mætti kynna brettin séstaklega enda skemmtileg afþreying, einkum fyrir börn og unglinga.

Frestað.

**Fundi slitið kl. 13.50**

Eva Einarsdóttir

Dóra Magnúsdóttir
Hermann Valsson
Kjartan Magnússon

Tomazs Chrapek
Örn Þórðarson